

148

23. júní

Sýslunefnd sker úr öllum ágreiningi milli hreppsnefnda (fjallskilaneftndar) út af fjallskilamálum. Sömuleiðis heyrir undir úrskurð hennar allar kærur og kröfur á hendur hreppsneftndum og hreppstjórum, snertandi fjallskilamál. Enn fremur geta einstakir menn komið sér saman um, að leggja slík ágreiningsmál undir úrskurð sýslunefndar.

62. gr.

Öll brot gegn reglugerð þessari skulu kærð fyrir hlutaðeigandi sýslumanni og varða þau 5—500 kr. sektum, eftir stærð og eðli brotanna, nema því aðeins, að þyngri hegning liggir við lögum samkvæmt. Sektirnar renna að hálfu til uppljóstrarmanns, og að hálfu í sjóð þess hrepps, þar sem brotið er framið. Verði ágreiningur um í hvaða hreppi brotið er framið, skal sektin falla til þess eða þeirra hreppa, þar sem hinir seku eiga heimili, að tiltölu réttindi. Með mál út af brotunum skal fara sem almenn lögreglumál.

63. gr.

Með reglugerð þessari er numin úr gildi fjallskilareglugerð fyrir Vestur-Barðastrandarsýslu, nr. 63 frá 16. júní 1930.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Vestur-Barðastrandarsýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 12 31. maí 1927, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 23. júní 1943.*

**Vilhjálmur Þór.**

*Páll Pálmason.*

149

23. júní

## AUGLÝSING

um breyting á reglugerð fyrir Vestur-Ísafjarðarsýslu um fjallskil o. fl.,  
nr. 121 24. júlí 1940.

Við 2. mgr. 13. gr. reglugerðarinnar. Í stað orðanna „4 kindur“ í setningunni „jafnt auratal lagt á hvert hross sem 4 kindur“, komi: 5 kindur.

Reglugerðarbreyting þessi, sem sýslunefnd Vestur-Húnavatnssýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaganna til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 23. júní 1943.*

**Vilhjálmur Þór.**

*Páll Pálmason.*